

Ed.

291. Nefndarálit

[37. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki orðið sammála um þetta frv. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar hefur leitað umsagnar tilraunastjórans á Sámsstöðum, og er álit hans birt hér með, og er þar gefið yfirlit yfir þann árangur, sem kornyrkja hefur náð hér á landi.

Alþingi, 15. febr. 1963.

Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.
frsm.

Fylgiskjal.

Helztu atriði varðandi útbreiðslu og uppbyggingu innlendrar kornframleiðslu.

Grundvallað á þeirri reynslu, er fengizt hefur í kornyrkju frá 1923—1962 við tilraunir og stærri ræktun á Sámsstöðum og prófræktun í flestöllum héruðum landsins, virðist ræktun á byggi vera sú framleiðsla, sem skylt er að bæta við íslenzka fóðuröflun. Til þess að gera fært, að þessi framleiðsla nái öruggri fótfestu í íslenzkri ræktun sem víðast á landinu, er brýn þörf á, að þjóðfélagið, þ. e. ríkið, stuðli að útbreiðslu kornyrkjunnar. Markið er, að kornyrkja verði stunduð á Suðurlandi í flestum héruðum, og eru þá einkum Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur hafðar í huga, svo og Árnessýsla.

Á Vesturlandi má ætla, að í flestum árum þroskist bygg í Gullbringu- og Kjósarsýslu, víða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, svo og héruðunum í kringum Breiðafjörð. Þá má ætla, að nokkuð örugg verði byggærkt í Eyjafjarðar- og Þingeyjar-sýslum, svo og víða í Múlasýslum. Alls staðar á þessum stöðum eru byggðarlög, sem hafa meira og minna góð skilyrði og sums staðar ágæt fyrir byggþroskun.

Það, sem kornræktin byggist á:

Tilraunastarfsemi og ræktun til framleiðslu s. l. 40 ár.

Það, sem tilraunirnar hafa sannað:

Bygg og hafrar þroskast fyllilega 8 af hverjum 10 árum að meðaltali og uppskera 15—25 tn. af ha. í verstu árum og með óhöppum vegna veðurs 5—12 tn. af ha., og

ber þá kornframleiðslan sig illa, en verður að jafnaði arðgæf. Þetta gildir fyrir Suðurland. Aðrir landshlutar gefa ekki að jafnaði eins góðan árangur.

Tilraunir, sem gerðar hafa verið, eru í höfuðdráttum þessar:

1. Sáðtímatilraunir með bygg og hafra 20 sumur. Þær hafa varðað sáðtíma korns hér á landi. Bezti sáðtími 20/4—10/5.
2. Áburðartilraunir með búfjáraður og tilbúinn áburð. Þessar tilraunir hafa sagt fyrir um áburðarmagn við ýmisleg skilyrði við kornrækt.
3. Tilraunir með sáðskipti og forræktun.
4. Tilraunir með sáðmagn og sáðdýpi.
5. Tilraunir með áburðartíma.
6. Tilraunir með kornafbrigði, og eru það umfangsmestu tilraunir, sem enn hafa verið gerðar. Má í þessu efni nefna, að búið er að reyna á 4. hundrað kornafbrigði af byggi, höfrum, rúgi og hveiti.

Þessar tilraunir hafa bent á eftirfarandi afbrigði til þroskunar: Af 6 raða byggi: Donnesbygg, Eddabygg, Flojabygg, Tamparbygg og Sigurbygg. Tvö þau síðastnefndu eru ættuð frá Færeyjum og hafa þolað bezt af öllu byggi stormasama haustveðráttu. Atvinnudeildin hefur kvíslað saman Eddabygg og Floja og hyggst að ná ræktunarhæfu korni úr þeirri blöndu — en það tekur talsverðan tíma. Af 2 raða byggi, er þarf um 6—10 daga lengri þroskunartíma en 6 raða bygg, eru þessi afbrigði bezt: Hertabygg, Maribbygg og Morgunroði (Morgenrot), sem þroskast fyrst, eða á sama tíma og 6 raða bygg. Af höfrum: Samehafrar, Niðarhafrar, Tammehafrar og Níp-hafrar. Af vorhveiti: Norronehveiti, Apuhveiti, Fylgia og Diamant, en eigi ná þessi afbrigði fullum þroska nema í betri sumrum á venjulegum móajarðvegi. Það skal þó tekið fram, að vorhveitiafbrigði hafa náð fullum þroska á Skógasandi 1962, og er líklegt, að sandarnir með suðurströnd landsins þroski fyrst og bezt korn hér á landi. Vetrarrúgur þrífst í flestum árum.

Sú þekking og aðstaða, sem skapast hefur á síðustu 4 áratugum, er það verðmæt fyrir innlenda fóður- og mataröflun, að brýn nauðsyn er á að hagnýta þau sannindi, sem þegar eru fengin. Útbreiðsla og uppbygging kornræktarinnar er hvort tveggja í senn, hagsmuna- og menningarmál þjóðarinnar. Með áframhaldandi tilrauna- og rannsóknarstarfsemi verður vafalaust hægt að gera kornyrkju árvissari og fjölbreyttari en liðin tilraunastarfsemi hefur orkað, en það er þó sýnt, að með þeim kornafbrigðum, sem nú er völ á, má reka arðgæfa kornrækt. S. l. sumar var slæmt fyrir þessa framleiðslu, m. a. í því, hvað vorið tálmaði og dró á langinn sáðtímann, og svo 3—11°C frost fyrri hluta sept. Þó fengust á Geitasandi á Rangárvöllum 10—11 tn. af ha. af byggi og í smátílaunum 20—24 tn. af ha. Á Skógasandi náði Hertabygg fullum þroska og 14—15 tn. uppskeru af ha. og meira á Síðunni. Bygg náði góðum þroska víðast í Hornafirði í A.-Skaftafellssýslu. Í Gunnarsholti náði Hertabygg um 85% af fullþroska, á Hvolsvelli um 65—70% af fullþroska (eftir athugun í haust). Uppskeyra varð á þessum stöðum minni en 10 tn. af ha., en hér kom ekki til að öllu leyti sumarið, heldur framkvæmdir (einkum sáðtími, áburðardreifing og sáðmagn).

Í þessu sambandi má benda á, að kornrækt hefur víðar mistekizt en hér á landi s. l. ár, því að um alla Norður-Evrópu urðu mikil áföll á kornframleiðslu, og væri hægt að benda á ýmis héruð, t. d. N.-Þýskalaland, þar sem kornið varð ekki uppskorið vegna rigninga og annarra veðurfarsgalla, sem þar eru taldir óvenjulegir.

Þá má minna á eitt atriði, sem gæti tryggt mjög t. d. byggrækt, en það er vetrarbyggrækt. Nú eru í gangi tilraunir á Samsstöðum með 2 afbrigði af vetrarbyggi á 3 jarðvegstegundum og reyndir 6 sáðtímar frá 5/7—20/10. Engu skal spáð um árangur, en víst virðist mér vera, að vinna mætti vetrarbyggrækt inn í íslenska kornrækt, og væri það aðferð, sem tryggði öruggari árangur en vorbyggræktin ein. Vetrarbygg á að þroskast 2—3 vikum fyrr en vorsáð bygg.

Það, sem ég hef hér nefnt varðandi innlenda kornframleiðslu, er þess eðlis að stefna að fullkomnu landnámi kornyrkjunnar, og það ætti að vera ósk allra, sem

vilja hag og heill islenskra atvinnuvega. En til þess að þessar athafnir allar nái sem fyrst eðlilegri útbreiðslu í sem flestum byggðarlögum landsins, þarf meiri átök en gerð hafa verið fram að þessu. Virðist mér, að það hljóti að felast í eftirfarandi atriðum:

1. Að haldið sé áfram þeirri tilraunastarfsemi, sem rekin hefur verið af atvinnudeild og tilraunastöðvum með aðstoð ríkisvaldsins.
2. Að samin verði og lögfest löggjöf um ráðstafanir til útbreiðslu kornræktarinnar, er m. a. feli í sér:
 - a. Innlend kornframleiðsla sé gerð jafnrétt há hvað verðlag snertir og samtegunda erlent korn (sem er nú niðurgreitt).
 - b. Að veittur sé ákveðinn styrkur til vélastöðva, er aðstoða við kornrækt.
 - c. Að veitt sé jarðvinnsluframlag miðað við ha. árlega næstu 10 ár, meðan kornyrkjan er að ná fótfestu.
 - d. Að sérstök ráðunautastarfsemi verði hafin með leiðbeiningum lútandi að því að leiða á faglegan hátt framkvæmd á útbreiðslu og rekstri almennrar kornframleiðslu bænda.

Ef þessu, sem hér hefur verið á minnzt, yrði framfylgt, er ég ekki í neinum vafa, að kornyrkjan nær útbreiðslu í flestum byggðarlögum landsins, bæði til fódurs og manneldis.